

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIX. árgangur.

2. hefti.

1999

Nr. 62/1999.

Föstudaginn 26. febrúar 1999.

Íslenska ríkið

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Björgvin Sigvaldasyni

Sigvalda Ragnarssyni og

Grétu Dröfn Þórðardóttur

(enginn)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi. Eignardómsmál.

Í taldi að fulltrúa héraðsdómara hefðu orðið á mistök við útgáfu eignardómsstefnu. Taldi Í þetta leiða til vanhæfis héraðsdómara við meðferð eignardómsmálsins auk þess sem málinu í heild ætti að vísa sjálfkrafa frá héraðsdómi vegna heimildarskorts fulltrúans til útgáfu stefnunnar. Talið var að dómarafulltrúa hefði verið heimilt, eftir þágildandi reglum, að gefa út eignardómsstefnu í umboði héraðsdómara og því hafnað að vísa ætti málinu frá héraðsdómi af þessum sökum. Þá var ekki á það fallist að draga mætti óhlutdrægni héraðsdómara í efa vegna atbeina hans til útgáfu eignardómsstefnu í málinu enda stæðu ákvæði XVIII. kafla laga nr. 91/1991 því ekki í vegi að héraðsdómari tæki afstöðu til krafna Í um að vísa ætti málinu frá dómi eða synja um eignardóm. Var niðurstaða héraðsdómara um að hann viki ekki sæti staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 8. febrúar 1999, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 29. janúar 1999, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að Logi Guðbrandsson héraðsdómari viki sæti í málinu. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess að héraðsdómaranum verði gert að víkja sæti.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

I.

Varnaraðilar höfðuðu mál þetta sem eignardómsmál samkvæmt XVIII. kafla laga nr. 91/1991 með kröfu um að þeim verði dæmdur eignarréttur að jörðinni eða heiðarbylínu Víðihólum í Jökuldalshreppi, sem þau nefna svo í málalíbúnaði sínum. Eignardómsstefna var gefin út 13. janúar 1998 af Hilmari Gunnlaugssyni dómarafulltrúa í umboði Loga Guðbrandssonar héraðsdómara.

Sóknaraðili telur að skilyrðum 122. gr. laga nr. 91/1991 hafi ekki verið fullnægt til þess að gefa út eignardómsstefnu í málinu. Fulltrúa héraðsdómarans hafi orðið á mistök með útgáfu stefnunnar og sé héraðsdómari því vanhæfur til að fara með málið vegna ákvæðis g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Sóknaraðili vísar einnig til þess að dómarafulltrúann hafi skort heimild til að gefa út stefnu í eignardómsmáli, en þetta eigi sjálfkrafa að leiða til frávísunar málsins.

II.

Við útgáfu eignardómsstefnu í málinu 13. janúar 1998 giltu ákvæði 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1995, um heimildir dómarafulltrúa til starfa. Samkvæmt 2. mgr. fyrrnefndu lagagreinarinnar var dómarafulltrúa á þeim tíma ótvírætt heimilt að gefa út slíka stefnu í umboði héraðsdómara. Röksemdir sóknaraðila um þetta efni eru því haldlausar.

Í 2. mgr. 122. gr., sbr. 121. gr. laga nr. 91/1991, felst að dómari eigi því aðeins að gefa út eignardómsstefnu að hann telji sýnt af málalíbúnaði stefnanda að fullnægt sé skilyrðum fyrir að taka mætti til greina kröfu hans. Ber dómara þannig að leggja mat á málalíbúnað stefnanda þegar við útgáfu stefnu. Dómari er þó ekki bundinn við þetta mat á

síðari stigum, svo sem slegið var föstu með dómi Hæstaréttar í dómasafni 1981, bls. 1584, sbr. einnig 4. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991. Í málinu hefur sóknaraðili bæði uppi kröfur um að því verði vísað frá dómi af ástæðum, sem leitt geta til frávísunar af sjálfsdáðum, og að hafnað verði kröfu varnaraðila um eignardóm. Samkvæmt áðursögðu standa ákvæði XVIII. kafla laga nr. 91/1991 því ekki í vegi að héraðsdómari taki afstöðu til þessara krafna sóknaraðila og þeirra málsástæðna, sem þær eru reistar á, þar á meðal hvort skilyrði hafi skort í upphafi til útgáfu eignardómsstefnu. Verður því ekki fallist á með sóknaraðila að draga megi óhlutdrægni héraðsdómara í efa vegna atbeina hans til útgáfu eignardómsstefnu í málinu. Í þessu máli verður ekki leyst úr því hvort efni gætu staðið til að vísa ætti málinu í heild frá héraðsdómi, svo sem röksemdir sóknaraðila hníga að nokkru leyti að. Samkvæmt þessu verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 29. janúar 1999.

Stefndur í máli þessu, Björgvin Sigvaldason, kt. 150327-3779, Sigvaldi Ragnarsson, kt. 290668-3529, og Gréta Dröfn Þórðardóttir, kt. 190558-2315, höfðuðu mál þetta sem eignardómsmál til viðurkenningar á eignarrétti sínum að heiðarbýlinu Víðihólum, Jökuldalshreppi í Norður-Múlasýslu, með réttarstefnu útgefinni hinn 13. janúar 1998, af Hilmarí Gunnlaugssyni dómarafulltrúa, f.h. Loga Guðbrandssonar héraðsdómara.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Austurlands hinn 3. mars 1998. Til varna tóku í málinu fyrir hönd íslenska ríkisins fjármálaráðherra og landbúnaðar-ráðherra.

Stefndi gerði í greinargerð þær kröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en til vara, að kröfum stefnanda yrði synjað.

Í greinargerðinni var sérstaklega tekið fram, að af hálfu stefnda sæjust engin tormerki á því að málið yrði flutt í einu lagi um aðalkröfu hans og efnishlið málsins.

Málinu var frestað til frekari gagnaöflunar og tekið fyrir nokkrum sinnum á reglulegu dómþingi, en í þinghaldi hinn 30. nóvember 1998 var ákveðið, að málið skyldi næst tekið til aðalmeðferðar hinn 29. janúar 1999.

Áður en til þess kæmi ritaði lögmaður stefnda, Sigrún Guðmundsdóttir hrl., sem flytur málið fyrir stefnda, dóminum bréf dags. 26. þ.m., þar sem því er lýst yfir, að stefndi muni við aðalmeðferð málsins gera kröfu um að héraðsdómarinn, Logi Guðbrandsson, víki sæti.

Jafnframt óskaði lögmaðurinn þess í bréfinu, að í þinghaldi því, sem ætlað hafði verið til aðalmeðferðar yrði einungis fjallað um þessa kröfu. Var það samþykkt af hálfu dómsins.

Af hálfu stefnda er gerð sú krafa að héraðsdómarinn, Logi Guðbrandsson, víki sæti í máli þessu.

Var krafa þessi tekin til úrskurðar að loknum munnlegum máflutningi nú í dag.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að frávísunarkrafa hans sé meðal annars byggð á því, að skilyrði hafi skort fyrir útgáfu eignardómsstefnunnar, henni hafi verið svo áfátt varðandi lýsingu eignarinnar, tilgreiningu heimildarskjala og sönnunarfærslu fyrir eigninni, lýsingu takmarkaðra eignarréttinda annarra aðila yfir eigninni, rökstuðningi fyrir hefð o.fl., að ekki hafi verið réttlætlanlegt að gefa út eignardómsstefnu skv. 122. gr. laga nr. 91/1991. Dómara hafi borið að synja útgáfu eignardómsstefnunnar og þá með úrskurði héraðsdómarans eða fulltrúa hans. Stefndi telji að héraðsdómarinn Logi Guðbrandsson sé, vegna útgáfu stefnunnar, vanhæfur til meðferðar málsins með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnenda var ekki tekin afstaða til kröfu stefnda, en mótmælt þeim rökum, sem fram eru sett henni til stuðnings.

Samkvæmt ákvæðum XVIII. kafla laga nr. 91/1991 er dómara skylt að taka ákvörðun um, hvort eignardómsstefna skuli gefin út ef þess er krafist.

Ef dómari telur skilyrði fyrir eignardómi ekki vera fyrir hendi, synjar hann um útgáfu stefnu og er það gert með úrskurði, sem kærnanlegur er til æðra dóms.

Ef dómari hins vegar telur, að skilyrðum fyrir eignardómi sé fullnægt gefur hann stefnuna út. Þessi gerð dómarans er fullnaðargerð, sem ekki verður borin undir æðri dóm. Gerð þessi kemur heldur ekki til athugunar við úrlausn málsins í heild, enda er dómari óbundinn af álitinu því sem hann hefur við útgáfu stefnunnar skv. niðurlagsákvæði 80. gr. 1. nr. 91/1991.

Aðgerðir þessar má telja hliðstæðar við frávísun frá dómi og höfnun frávísunarkröfu, en skv. 3. mgr. 100. gr. eml. er dómari ekki bundinn af úrskurði sínum um að hafna frávísun.

Í þessu máli gaf fulltrúi héraðsdómara út stefnu í umboði dómarans með heimild í 6. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 1. gr. 1. nr. 80/1995. Með því batt hann ekki héraðsdómara við álit, sem hann hvort heldur lét í ljós eða talist getur felast í útgáfu stefnunnar. Verður ekki séð, að af þessum sökum séu fyrir hendi nein þau atvik eða aðstæður, sem eru fallnar til að draga óhlutdrægni Loga

Guðbrandssonar héraðsdómara með réttu í efa, sbr. g-lið 5. gr. 1. nr. 91/1991, eða leiða til þess, að hann víki sæti í máli þessu.

Logi Guðbrandsson dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Logi Guðbrandsson héraðsdómari víkur ekki sæti í máli þessu.
